

Nr. 509

28. maí 2009

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014, efnistökusvæði í Lambafelli.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 28. maí 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014 frá 4. janúar 2005.

Breytingin felst í því að flatarmál efnistökusvæðis í Lambafelli við Prengslaveg (E3) stækkar og magn efnis eykst. Á svæðinu eru fyrirhuguð tvö ný efnistökusvæði. Annars vegar svæði sem er um 23,7 ha að stærð með áætlað 17.000.000 m<sup>3</sup> vinnslumagn. Hins vegar svæði um 18 ha að stærð með um 27.000.000 m<sup>3</sup> áætlað vinnslumagn til ársins 2038.

Samkvæmt fyrilliggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 28. maí 2009.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Logi Kjartansson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 12. júní 2009